

18. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 12. maí 2011, kl. 11.40 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Hildur Ösp Gylfadóttir, Sólrún Júlíusdóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Bergþór Morthens fulltrúi kennara, Sunna Björg Valsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta skólanefndarfundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

2. Nefndarlaun

Formaður gerði grein fyrir að það væri hlutverk skólameistara að ákveða nefndarlaun fyrir skólanefndarfulltrúa. Skólameistari tilkynnti að nefndarlaun yrðu 3 einingar fyrir almenna nefndarmenn og 8 fyrir formann.

3. Skólalok, sumarvinna

Skólameistari gerði grein fyrir verkefnum sem liggur á að unnin séu og varða stefnumótun skólans. Ákveðið hefur verið að ráða starfsmann í sumar í hluta af þessum verkum, Valgerði Ósk Einarsdóttur.

4. Skóladagatal

Skólameistari lagði fram drög að skóladagatali næsta skólaárs. Þar er gert ráð fyrir að haustönn hefjist 22. ágúst.

5. Ráðningar

Skólameistari gerði grein fyrir að borist hefðu 25 umsóknir um 2-3 stöðugildi. Gengið verður frá ráðningum á næstu dögum.

6. Önnur mál

6.1 Skólaakstur næsta skólaár

Ljóst er að skólaaksturinn verður tekinn til endurskoðunar fyrir næsta skólaár hjá Fjallabyggð. Breytingar á fyrirkomulagi skólaaksturs munu leiða til breytinga á tímasetningum í stundatöflu skólans. Að líkindum mun skólastarf hefjast kl. 8:30 í stað 8:15.

6.2 Sýning og útskrift

Skólameistari vakti athygli á að n.k. laugardag verður sýning á vinnu nemenda í skólanum frá kl. 14-16. Hún er öllum opin. Laugardaginn 21. maí verða tveir nemendur útskrifaðir í Ólafsfjarðarkirkju kl. 14. Að athöfn lokinni verður boðið upp á kaffi í skólanum. Skólanefndarmenn eru boðnir velkomnir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45

Fundargerð ritaði
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir